



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**602. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, föstudaginn 28. mars 2025
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Halla Karen Kristjánsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH

Heiða Björg Hilmdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Fyrirliggjandi eru drög að stofnskjöllum nýs félags um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Þau voru áður lögð fram á 598. fundi. Framkvæmdastjóri kynnir.

Umrædd drög ásamt fyrirliggjandi minnisblaði eru nú lögð fram að nýju og lagt til að þau verði send sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu. Afgreiðslu málsins á vettvangi sveitarfélaganna verði lokið á fundum sveitarstjórna í apríl.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Niðurstaða:

Samþykkt. Framkvæmdastjóra er falið að senda fyrirliggjandi drög að stofnskjöllum hins nýja félags til sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu.

2. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Til umræðu eru önnur atriði er tengjast stofnun nýs félags um rekstur almenningssamgangna og Strætó bs., s.s. er varðar þjónustusamning félagsins og eigenda þess, fyrirhugaða samninga nýja félagsins við Strætó bs. um akstur og yfirfærslu verkefna, og mat eigna innan Strætó bs. Einnig þarf að undirbúa kynningu málsins fyrir Stefnuráði byggðasamlaganna.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Niðurstaða:

Umræður. Skrifstofu SSH er þá falið að undirbúa fund Stefnuráðs byggðasamlaganna vegna málsins.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026